

Stofnanasamningar milli SFR-stéttafélags í almannaþjónustu og Námsmatsstofnunar um röðun starfa við stofnunina skv. ákvæðum í kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, 9. mars 2005.

1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til allra starfsmanna í SFR sem eru í starfi hjá Námsmatsstofnun.

2. Röðun Launaflokka

Við upphaf starfs skal taka tillit til eðli starfsins og starfsmanni ráðað í launaflokk í samræmi við það. Eftirfarandi launaflokkar skulu vera grunnröðun fyrir hvert starf.

2.1.

lfl 25 Skrifstofustjóri

lfl 15 Skrifstofumaður

lfl 25 Umsjónarmaður tölvu og tæknimála

lfl 25 Umsjónarmaður prentverks og vefs

Þann 1. maí 2007 hækkar framangreind röðun um einn launaflokk, sbr. bókun 1 með samningi þessum.

3. Mat á einstökum störfum

3.1.

Við röðun einstakra starfa í launaflokka skal taka tillit til þess að ýmsir þættir geta orðið til að raða starfi ofar en grunnröðun gefur tilefni til, s.s.:

-starfsreynsla

-menntun

-hæfniskröfur sem gerðar eru til starfsins eru meiri en almennt gerist

-starfið er umfangsmikið

-starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið.

3.1.1 Starfsreynsla:

Hér er átt við samanlagða starfsreynslu innan Námsmatsstofnunar og fyrri starfsreynslu frá sambærilegu starfi.

Meta skal starfsreynslu til launaflokks hækkunar eftir fyrsta árið, aftur eftir 2 ár og loks eftir önnur 2 ár.

3.1.2 Fyrri nám.:

Áhrif menntunar á röðun í launaflokka, starfsmaður sem hefur menntun sem nýtist í starfi og hefur ekki verið tekið tillit til í grunnröðun starfsins, skal hækka um launaflokka sem hér segir:

1. 70 eininga framhaldsskólanám 1 launaflokkur

2. Stúdentspróf eða iðnmenntun með loknu sveinsprófi 2 launaflokkar

3. Hvert ár í háskólanámi gefur 1 launaflokk.

3.1.3 Námskeið/Símenntun.:

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun eða námskeiði sem nýtist í starfi (endurmenntun) og námskeið sem er viðurkennt af samningsaðilum skal hækka m.v. grunröðun um einn launaflokk þegar 60 klukkustundum er náð, einn flokk þegar 120 klukkustundum er náð og einn flokk þegar 180 klukkustundum er náð. Starfsmaður getur safnað námskeiðum. Þetta ákvæði tekur gildi þann 1.mái 2006

3.1.4. Sérstök umbun

Heimilt er að greiða sérstaka umbun umfram mánaðarlaun, sem aldrei skal þó nema hærri fjárhæð en kr. 30.000.- á mánuði. Umbun þessi greiðist vegna sérstakra tímabundinna þátta sem ekki falla undir grein 4 og greiðist aldrei lengur en áhrif þeirra þátta vara. Ákvörðun um greiðslu slíkrar umbunar skal tekin af forstöðumanni.

3.1.5

a) Heimilt er að hækka starfsmann um launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- starfið er umfangsmikið
- starfið felur í sér flókin verkefni
- starfsmaður sýnir góðann árangur í starfi
- starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi
- starfsmaður aflar sér menntunar sem nýtist í starfi

Leggja skal fram í samstarfsnefnd, sé þess óskað, skrifleg rök þar sem kemur fram hvaða forsenda er verið að taka tillit til.

B) Heimilt er að semja við starfsmenn um að fastar greiðslur, sem eru ekki hluti af grunnlaunum, séu metnar sem viðbótarforsendur til hækkunar í launaflokka.

4. Hagræðingarbónus

Forstöðumaður metur í samræmi við reglur hvort forsendur eru fyrir að veita starfsfólki hagræðingarbónus en starfsfólk hefur náð að auka hagkvæmni og hagræðingu í starfi.

5. Endurmat starfskjara

Starf og starfskjör starfsmanns skal metið reglulega og sérstaklega þegar um meiri háttar endurskoðun verklags/stjórnskipulags innan stofnunar er að ræða. Forstöðumaður (eða sá er hann felur verkefnið) boðar ár hvert til starfsmanna- og launaviðtala.

6. Réttur til endurmats á starfi

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við ofanskráðar forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar í samræmi við ákvæði kjarasamnings.

7. Endurskoðun

Endurskoðun stofnanasamnings skal gerð samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SFR við fjármálaráðherra.

Reykjavík 09.02.07.

F.h. SFR-stéttafélags í almannajónustu

F.h Námsmatsstofnunar

Bókun 1.

Skv. kjarasamningi aðila skulu laun hækka um 2% þann 01.05.07. Þar til viðbótar er gert ráð fyrir 1,2% hækkun vegna jafnréttislaunapotts. Að því gefnu að ekki komi í ljós kynjabundinn launamunur á stofnuninni í þeirri könnun sem nú er verið að vinna, hækka því allir starfsmenn um einn launaflokk, sbr. grein 2.1.